

FUNDARGERÐ

Árið 2017, föstudaginn 30. júní kl. 12:15 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Halldóra Káradóttir (í stað Birgis Björns Sigurjónssonar), Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn frá velferðarráðuneytinu, Þór Garðar Þórarinsson sérfræðingur og Ellý Alda Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu félagsþjónustu, undir lið 4 þegar fjallað var um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Bergur Sigurjónsson var fjarverandi.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 9. júní 2017

Lögð var fram fundargerð frá 9. júní 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 9. júní 2017 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga – staða mála

Haldið var áfram með umræðu frá síðasta fundi og var farið yfir hver næstu skref væru hjá nefndinni sem endurskoðar regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sagt var frá því að næsti fundur væri áætlaður 10. júlí og að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi unnið með nefndinni varðandi nýja reiknilíkanið. Greint var frá því að drög væru komin að skýrslu sem yrðu lögð fyrir á næsta fundi með tillögum nefndarinnar. Áætlað er að þessi vinna klárast í september.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

3. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga – viljayfirlýsing

Lögð var fram til kynningar drög að viljayfirlýsingu um framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna fasteigna í þágu fatlaðs fólks. Í viljayfirlýsingunni kemur fram að aðilar eru sammála um að sjóðnum verði tryggt varanlegt hlutverk og að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra muni leggja fyrir Alþingi frumvarp þessa efnis næsta haust.

Þá eru aðilar sammála um að á árinu 2017 skuli greiða sveitarfélögum sem um það sækja framlög úr sjóðnum allt að 325 m.kr. Greiðslan er háð því að Alþingi hafi áður samþykkt nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Einnig var lagt fram til kynningar drög að breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

4. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Þór Garðar Þórarinsson, sérfræðingur frá velferðarráðuneytinu, og Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu félagsþjónustu, héldu kynningu um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) á Íslandi. Helstu umfjöllunarefni Þórs voru:

- Reynsla af tilraunaverkefningu um NPA
- Laga og reglugerðarumgjörð fyrir NPA
- Ný handbók um NPA á Íslandi
- Samningsform um framkvæmd NPA
- Fjöldi samninga og fjármögnun
- Samstarf við sveitarfélög og aðra hagaðila
- Önnur verkefni

5. Eftirlit með þjónustu við fatlað fólk – umsókn frá Hafnarfjarðarkaupstað

Lagt var fram erindi frá Hafnarfjarðarkaupstað, dags. 21. júní 2017, þar sem samráðshópur félagsmálastjóra á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir áframhaldandi aðkomu Jöfnunarsjóðs að framlagi vegna innra eftirlits um þjónustu við fatlað fólk.

Sótt er um framlagið á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 179/2016 sem kveður á heimild ráðstöfunar fjármagns til að stuðla að nýsköpun eða þróunarvinnu til framþróunar í málaflokknum.

Óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna ársins 2017 að fjárhæð 6,6 m.kr. Jafnframt er óskað eftir að Jöfnunarsjóður komi að hækkingu framlagsins á síðari hluta ársins, en sú hækking byggir á að stöðugildi sem komið hefur að þessari vinnu verði hækkað úr því að vera 50% í 100%.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að veita framlag að fjárhæð 6,6 m.kr. ásamt því að óska eftir skýrslu fyrir árið 2016.

6. Bankaskattur – framlög á grundvelli reglna Jöfnunarsjóðs

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs, dags. 29. júní, með drögum að útreikningum framlaga af þeim hluta fjármagnsins vegna skatts á fjármálafyrirtæki sem ekki tilheyra 650 m.kr. úthlutuninni sem samþykkt var á síðasta fundi ráðgjafarnefndarinnar þann 9. júní sl.

Fjármunir í sjóðnum sem tilheyra sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki er 1.268 m.kr.

Dreifing fjármagnsins tekur mið af endanlegum útreikningi útgjaldajöfnunarframlaga, fasteignaskattsframlagsins og framlags vegna húsaleigubóta.

Drög úthlutunar framlaganna til sveitarfélaganna er að fjárhæð 617,6 m.kr. en rúmar 316 þús.kr. verður dreift til Sambandsins og 311 þús.kr. verður dreift til landshlutasamtakanna.

Að lokinni yfirferð samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra úthlutun framlags að fjárhæð 618,2 m.kr.

Erindi frá Borgarbyggð

Lögð fram bókun frá sveitarstjórn Borgarbyggðar vegna afgreiðslu Alþingis á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og nefndinni kynnt afstaða þeirra.

7. Önnur mál

Næsti fundur var ákveðinn, 1. september kl. 12:15.

Einnig var ákveðinn fundur 4. október kl. 10:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:25.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Halldóra Káradóttir

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson